

Ársskýrsla Landsaðgangs að  
rafrænum gagnasöfnum og tímaritum  
2013

## Efnisyfirlit

<b>1.0 Framkvæmd</b> .....	<b>1</b>
<b>2.0 Stjórnarnefnd</b> .....	<b>2</b>
<b>3.0 Samningar um landsaðgang</b> .....	<b>5</b>
<b>4.0 Þjónusta</b> .....	<b>8</b>
<b>5.0 Kynningarstarfsemi og fræðsla</b> .....	<b>8</b>
<b>6.0 Notkun</b> .....	<b>9</b>
<b>7.0 Yfirlit</b> .....	<b>11</b>

*LANDSAÐGANGUR að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum* er upplýsingaveita fyrir Ísland.

Allir sem tengjast netinu í gegnum íslenskar netveitur hafa aðgang að þeim gagnasöfnum, rafrænum tímaritum og rafbókum sem eru í áskrift á vegum Landsaðgangs.

Á vefnum [hvar.is](http://hvar.is) er að finna upplýsingar um Landsaðgang, s.s. upplýsingar um áskriftir og þar eru tenglar í leitarvélar birgja, notkunartölur og upplýsingar um greiðendur. Þá er á vefnum leitargluggi fyrir samleit í gegnum [leitir.is](http://leitir.is) að efni Landsaðgangs og efni í opnum aðgangi. Á vefnum eru einnig upplýsingar um íslensk gagnasöfn, tenglar í séráskriftir íslenskra háskóla, fréttir af starfsemi Landsaðgangs, tilkynningar um viðburði og krækja á fésbókarsíðu (Facebook) Landsaðgangs. Vefsíðan er einnig á ensku.

### 1.0 FRAMKVÆMD

Skv. lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs) nr. 142/2011 er það verkefni safnsins að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Það er meðal annars gert með því að annast framkvæmd samninga um Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum, tímaritum og bókum í samráði við helstu hagsmunaaðila. Í greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fram á Alþingi segir að rétt þyki að lögfesta þetta hlutverk sem eitt af viðfangsefnum safnsins. Samhliða breytingunni varð framlag ríkisins vegna þeirra áskrifta sem um ræðir í þessum aðgangi og framkvæmd samninga vegna þeirra, hluti af fjárveitingum til safnsins á fjárlögum. Áður sá safnið um verkefnið skv. þjónustusamningum við menntamálaráðuneytið.

Á fjárlögum ársins 2013 var úthlutað 37,4 milljónum kr. til Landsaðgangs. Það fé rennur til rekstrar verkefnisins og til niðurgreiðslu á samningum við birgja samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar. Heildarkostnaður við Landsaðgang á árinu 2013 var 252,2 milljónir, þar af 14,1 milljón í rekstur en áskriftir kostuðu 236 milljónir. Sérstakt framlag ríkissjóðs 2013 vegna stöðu krónunnar var 83,9 milljónir kr.

Árlega er einhver hluti útsendra reikninga ekki greiddur. Reynt er að innheimta þá eða semja um greiðslur, en þar sem engir formlegir samningar eru milli greiðenda og Landsaðgangsins, er erfitt að halda innheimtunni til streitu. Á árinu var afskrifuð í samráði við Ríkisendurskoðun vegna ársins 2009, rúmlega ein milljón kr.

Umsjónarmaður Landsaðgangs síðan 2008 er Birgir Björnsson. Störf hans felast m.a. í samskiptum við birgja, hann þjónustar notendur og greiðendur, sér um kynningu og kennslu, uppfærir íslenskar IP-tölur, er ritstjóri vefsins hvar.is, er í samstarfi við starfsfólk Landskerfis bókasafna vegna lýsigagna og efnis Landsaðgangs, tekur þátt í störfum nefnda og hópa Landskerfis bókasafna eftir því sem við á og hefur umsjón með og stýrir vinnu rýnihópa um málefni Landsaðgangs. Nokkrir aðrir starfsmenn Lbs-Hbs koma að ýmsum verkefnum tengdum Landsaðgangi s.s. samningagerð, gerð greiðsluáætlana, innheimtu, fjárumýslu og vefmálum. Þessi störf samsvara yfirleitt um tveimur ársverkum í safninu.

## 2.0 STJÓRNARNEFND

Samkvæmt þjónustusamningum fyrri ára hafði landsbókavörður fimm manna stjórnarnefnd sér til ráðgjafar og hefur því fyrirkomulagi verið haldið eftir að verkefnið varð lögbindið verkefni Lbs-Hbs. Hlutverk stjórnarnefndarinnar er að:

- a) Taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í Landsaðgangi.
- b) Ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hveftrar stofnunar.
- c) Gera árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu og skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár.
- d) Taka þátt í og/eða fylgjast með samningagerð við birgja.

Stjórnarnefndin hélt 6 fundi á árinu. Auk þess tóku nefndarmenn þátt í kynningarfundum á vegum útgefenda. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 8. júní 2007.

Stjórnarnefnd var síðast tilnefnd á ársfundi 2010. Þátttakendur í stjórnarnefnd 2013 voru Anna Sveinsdóttir, varamaður Ásdís H. Hafstað, Baldvin Zarióh, varamaður Jenný Bára Jensdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, varamaður Astrid Margrét Magnúsdóttir, Pálína Magnúsdóttir, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir og Sólveig Þorsteinsdóttir, varamaður Anna Sigríður Guðnadóttir. Andrea Jóhannsdóttir hætti sem varamaður Guðrúnar Tryggvadóttur á árinu og eru henni þökkuð störf í þágu Landsaðgangs.

## Verkefni stjórnarnefndar

Stjórnarnefnd samþykkti fjárhagsáætlun Landsaðgangs 2013 og gekk frá greiðsluskiptingu tímarita og gagnasafna fyrir árið 2013. Meðal annarra verkefna má nefna umfjöllun um tilboð og samþykkt samninga, breytingar á tímaritalistum, skipan rýnihóps vegna rafbóka, eftirlit með innheimtu, greiðslum og afskriftum, umfjöllun um notkun efnis í Landsaðgangi, samskipti við birgja, vefmál o.fl. Þá kom Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna á fund stjórnarnefndar 8. nóv. og kynnti minnisblað um aðgengi að rafrænu efni og samstarf Landsaðgangs og Landskerfis. Rætt var um hvernig hægt væri að nota kerfi Landskerfis til að tryggja notendum sem greiðastan aðgang að efni Landsaðgangs. Þá var í lok árs ákveðið að skipa rýnihóp til að kanna breytingar á áskriftum EBSCOhost og ProQuest og hvaða önnur gagnasöfn séu áhugaverð.

Landsaðgangur hefur verið þátttakandi í ICOLC (International Coalition of Library Consortia) síðan 2009 og hefur aðgang að póstlista samtakanna. Þá gerðist samlagið aðili að COUNTER (Counting Online Usage of Network Electronic Resources) árið 2010 og hefur aðgang að upplýsingaveitum samtakanna. Samtökin hafa haft frumkvæði að þróun samnefndra staðla um talningu á notkun rafræns efnis. Óskað er eftir að þeir útgefendur sem skipt er við noti COUNTER staðalinn.

## Samninganefnd

Í samninganefnd vegna nýrra samninga fyrir árin 2013-2015 voru Edda G. Björgvinsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðrún Tryggvadóttir og Birgir Björnsson. Þá tóku Sólveig Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir þátt í samningaviðræðum.

## Samningar 2013-2015-2017

Á síðasta ári var samið til þriggja ára vegna Encyclopedia Britannica, Oxford Art og Oxford Music, Web of Science, SpringerLink og Wiley (Blackwell-hluta).

Samið var til eins árs vegna EBSCOhost Premier, ProQuest Central, Karger Online og SAGE Premier vegna 2013 og samningurinn var einnig framlengdur til eins árs vegna 2014.

Þá var keyptur til eignar rafbókapakki frá Springer.

Ekki tókst að ljúka nýjum samningi við Morgunblaðið en aðgangur var óbreyttur.

Í lok ársins var óskað eftir því að Landsaðgangur yrði losaður undan þriggja ára samningi vegna Oxford Art og Oxford Music vegna lítilla notkunar.

### Rýnihópur um rafbækur

Rýnihópur um rafbækur var skipaður í byrjun mars. Verkefni hans var að skoða framboð á rafbókum á markaði og hvaða bókapakkar gætu hentað í áskrift. Í rýnihópnum voru:

Birgir Björnsson, Lbs-Hbs, formaður,  
Ragna Björk Kristjánsdóttir, Háskólanum í Reykjavík,  
Sara Stef. Hildardóttir, Listaháskóla Íslands,  
Anna Sveinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands,  
Guðrún Kjartansdóttir, Landspítala- Háskólasjúkrahúsi,  
Ingvi Þór Kormásson, Borgarbókasafni  
Ásdís Hafstað, bókasafni Menntaskólans við Hamrahlíð.

Ákveðið var að afmarka vinnu hópsins við rafbókalausnir frá dreifingaraðilunum EBSCOhost og ProQuest, sem býður rafbækur í gegnum dótturfyrirtækið Ebrary. Tilraunaaðgangur fékkst að rafbókapakkanum **eBook Academic Collection** frá EBSCOhost og frá Ebrary var tilraunaaðgangur að **Ebrary Academic Complete**. Rýnihópurinn leitaði til Landskerfis bókasafna til að leggja mat á tengingu lýsigagna þessara rafbókapakka við leitir.is og skoðaðar voru ýmsar tæknilegar lausnir rafbókapakkanna. Ekki er boðið upp á kennslubækur (textbooks) í bókapökkunum og ekki er talið að mikið sé af viðurkenndum fræðibókum í þeim. Hópurinn telur nauðsynlegt að leit og aðgengi að rafbókum í gegnum leitir.is verði hnökralaus. Þá væri mikill kostur ef innskráning á leitir.is gildi um leið sem innskráning í útlánaþátt rafbókasafns, því nauðsynlegt er að leið lánþegans að rafbókum verði með sem einföldustum hætti. Þátttakendur mæltu ýmist með hvorugum rafbókapakkanum eða öðrum hvorum en hvorugur pakkinn uppfyllti allar óskir og væntingar sem þátttakendur í hópnum höfðu. Hópurinn skilaði af sér skýrslu til stjórnarnefndar og er hún aðgengileg á hvar.is.

### Nordlic Meeting 2013 í Reykjavík

Dagana 6.-7. júní var haldinn fundurinn Nordlic Meeting í Þjóðarbókhöðunni. Fundurinn er haldinn árlega og færir á milli Norðurlandanna, en hann sækja starfsfólk bókasafna, innkaupasamlaga og annarra stofnana á Norðurlöndum sem sjá um áskriftir að gagna- og tímaritasöfnum. Nítján þátttakendur sóttu fundinn en þar af komu þrettán erlendir gestir frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Á fundinum sögðu þátttakendur frá því helsta sem til tíðinda hefur borið varðandi tæknimál, umsýslu með innkaup og breytingar á aðgangi og efni. Þá er farið yfir það sem framundan er í starfseminni. Meðal umræðuefna á fundinum var endurnýjun samninga við Elsevier og einnig var haldin vefkynning frá Jisc, sem sér um rafrænar áskriftir fyrir háskóla í Englandi, á nýrri þjónustu. Hún nefnist Project KB+ og er ætlað að halda utan um rafrænar áskriftir. Næsti fundur verður að ári í Kaupmannahöfn.

### 3.0 SAMNINGAR UM LANDSAÐGANG

Þær breytingar urðu á efni í Landsaðgangi, að gerður var samningur við Springer útgáfuna um kaup á rafrókum til eignar. Þá bættist Journal Citation Report frá Thomson Reuters við kostaðan landsaðgang.

#### *Gagnasöfn:*

- Encyclopedia Britannica (School edition og Academic edition)
- Greinasafn Morgunblaðsins - með 3ja ára birtingartöf
- Oxford Art Online (Grove Art)
- Oxford Music Online (Grove Music)
- Web of Science

Encyclopedia Britannica og Oxford Art og Music Online (Grove-söfnin) eru söfn greina sem að grunni til eru úr eldri prentuðum alfræðiritum og með síðari tíma viðbótum á vef. Web of Science er tilvísanasafn og sýnir útdrátt og bókfræðilegar upplýsingar um greinar í vísindatímaritum. Hægt er að sækja heildartexta greina með SFX krækjuckerfinu þegar aðgangur er að grein í gagnasafni eða tímaritasafni í Landsaðgangi.

#### *Samsöfn:*

- EBSCOhost Premier
  - Academic Search Premier (13.802 titlar, þar af 4.791 í fullum texta)
  - Business Source Premier (5.902 titlar, þar af 2.248 í fullum texta)
  - MasterFile Premier (2.679 titlar, þar af 1.658 í fullum texta)
  - Fjöldi titla í fullum texta í EBSCOhost er um 6.200 þegar búið er að taka tillit til tvítaka
- ProQuest Central (15.582 titlar, þar af um 10.326 í fullum texta)

Samsöfn eru söfn tímarita og annars rafræns efnis frá mörgum útgefendum. EBSCOhost og ProQuest gera samninga við útgefendur af öllu tagi og safna saman aðgangsréttindum í stóra pakka. Innan sviga er fjöldi titla í lok árs 2013. Við því er að búast að aðgangur að greinum í fullum texta sé með birtingartöf sem oftast er frá einum mánuði að einu ári. Nokkur skörun er milli EBSCO safnanna og ProQuest.

*Tímaritasöfn:*

- Elsevier ScienceDirect (2.067 titlar)
- Karger Online (103 titlar)
- Sage Premier (595 titlar)
- Springer Link (1.405 titlar)
- Wiley - Blackwell-hluti (764 titlar)

Tímaritasöfn innihalda aðallega efni frá einum útgefanda auk nokkurra rita frá öðrum útgefendum sem hafa verið tekið með í aðgangspakka.

Í lok árs 2013 voru í Landsaðgangi 4.934 tímarit í fullum texta í s.k. tímaritasöfnum. Talsverð skörun er á titlum í EBSCOhost Premium og ProQuest Central gagnasöfnunum sem og við tímaritasöfnin. Ætla má að aðgangur hafi verið að um 15 þúsund tímaritatitlum hjá EBSCOhost og ProQuest. Þegar búið er að taka tillit til áætlaðrar skörunar á milli safna má gera ráð fyrir að í Landsaðgangi hafi verið aðgangur að texta um 20 þúsund tímarita.

*Rafbókasöfn:*

- Springer Link
- Biomedical and Life Sciences,
- Business and Economics,
- Computer Science,
- Earth and Environmental Science
- Humanities, Social Sciences and Law.

Í upphafi árs var samið um aðgang að fimm rafbókasöfnum frá Springer Link. Rafbækurnar eru eign Landsaðgangs og notendur geta hlaðið þeim niður í tölvutæki sín og vistað þar svo lengi sem þeir kjósa. Samið var til þriggja ára og bætast árlega við tæplega 3 þúsund titlar. Í lok ársins var aðgangur að 2980 rafbókatitlum.

Kostnaður við áskriftir var 236 milljónir kr., þar af 46,2 milljónir kr. fyrir gagnasöfn og 189,8 milljónir kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 37,4 milljónir kr. og var 26,3 milljónum kr. varið til greiðslu á aðgangi en framlag um 200 greiðenda var um 111 milljónir kr. Sérstakt framlag ríkissjóðs var 83.9 milljónir kr. vegna slæmrar stöðu krónunnar. Stærstu greiðendur eru háskóla-, heilbrigðis- og önnur

rannsóknabókasöfn. Þau greiða stærsta hluta tímaritasafna (ScienceDirect, Karger Online, Sage Premier, Springer Link og Blackwell-hluta Wiley), aðgang að Web of Science og stóran hluta samsafna. Almenningsbókasöfn, framhaldsskólasöfn, stjórnsýslusöfn, fyrirtæki og samtök greiða hluta aðgangs að samsöfnum (EBSCOhost Premier og Proquest Central) og aðgang að gagnasöfnum (Encyclopedia Britannica, Oxford Online-söfnin og greinasafn Morgunblaðsins) ásamt háskólabókasöfnum.

#### *Kostuð gagna- og greinasöfn:*

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað við Landsaðgang og það sama á við um tölur um notkun. Journal Citation Report er nýtt efni sem geymir bókræðimælingar á tímaritum sem skráð eru í Web of Science, s.s. um áhrifastuðul (impact factor).

#### **Kostuð gagna- og greinasöfn:**

- ASCE og EiVillage (Compendex)
- OVID
- Journal Citation Reports

#### **Aðilar sem kosta aðganginn:**

Verkfræðideild Háskóla Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Landsvirkjun, Mannvít, Orkuveita Reykjavíkur og VERKÍS.

Landspítali - Háskólasjúkrahús, Landlæknir, Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Háskóli Íslands

#### *Opinn aðgangur (OA):*

Á vef Landsaðgangsins, hvar.is, er eru krækjur á gagnasöfn og ýmislegt efni sem er opnum aðgangi (Open Access - OA). Þar eru einnig tenglar á rit sem hafa verið í áskrift í Landsaðgangi en eru nú í opnum aðgangi. Þá er í gegnum skrána *Finna tímarit* (krækjurerfi SFX) veittur aðgangur að tæplega 7.000 tímaritum í opnum aðgangi hjá DOAJ (Directory of Open Access Journals).



## 4.0 ÞJÓNUSTA

Á vefnum hvar.is er yfirlit um þjónustu Landsaðgangsins. Þar er aðgangur að efni í áskrift og upplýsingar um starfsemina. Að auki eru tenglar á gagnasöfn í opnum aðgangi (OA) og rafrænar orðabækur í opnum aðgangi.

Efni í landsaðgangi er leitarbært og aðgengilegt eftir ýmsum leiðum, s.s. beint frá leitarvélum og vefsíðum útgefenda, frá vefjum bókasafna, skóla eða annarra stofnana, frá gegnir.is og leitir.is, gegnum skrána Finna tímarit á landsbokasafn.is, með leitarvélum eins og Google og Google Scholar og gegnum þjónustur svo sem HighWire en í gegnum krækjuckerfi þeirra er einnig hægt að komast í greinar í Landsaðgangi. Þá hafa notendur möguleika til að nálgast efni í gegnum ýmis snjalltæki og geta sótt smáforrit eða öpp fyrir einstök gagnasöfn til að nota í snjallsímum og spjaldtölvum. Markmiðið er að fjölga þeim leiðum sem notendur hafa til að nálgast efnið og oft er fólk að nota efni Landsaðgangs án þess að vita það.

### Verkefnaáætlun - 2013

Á vegum Lbs-Hbs er unnið að árlegum verkefnaáætlunum og tekur umsjónarmaður þátt í því starfi. Þar eru sett fram verkefni sem falla að stefnu safnsins og átaksverkefni sem teljast til daglegra starfa. Á árinu 2013 tók umsjónarmaður þátt í:

- starfi rafgagnahóps á vegum Landskerfis bókasafna,
- vinnu rýnihóps um rafbækur sem skilaði skýrslu í desember,
- undirbúningi og var gestgjafi fyrir Nordlic Meeting sem fram fór í Þjóðarbókhöllu 6. og 7. júní.

## 5.0 KYNNINGARSTARFSEMI OG FRÆÐSLA

- Bæklingum er dreift til bókasafna samkvæmt beiðnum þeirra og þegar umsjónarmaður kynnir aðganginn. Alls var dreift 135 bæklingum árið 2013 samanborið við 250 bæklinga árið 2012.
- Umsjónarmaður var með kynningu á Landsaðgangi á námskeiðum í bókasafns- og upplýsingafræði við HÍ í mars.

- Umsjónarmaður kynnti Landsaðgang fyrir erlendum gestum Lbs-Hbs nokkrum sinnum á árinu.
- Umsjónarmaður skrifaði blaðgreinina *Encyclopedia Britannica í snjallsímann og spjaldtölvuna*, í tilefni Bókasafnsdagsins og birtist hún í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu

Upplýsingum og fréttum var miðlað til notenda á vefnum hvar.is og á póstlistanum Skrudda, um bókasafna- og upplýsingamál. Þá eru tilkynningar sendar á póstlistann [hi-starf@hi.is](mailto:hi-starf@hi.is) sem berst starfsmönnum Háskóla Íslands og upplýsingum er miðlað á fésbókarsíðunni Landsaðgangur, auk annars efnis. Lesendur ársskýrslunnar eru hvattir til að vingast við Landsaðgang á fésbókinni.

## Tilraunaaðgangur

Á árinu var tilraunaaðgangur var að eftirfarandi efni:

- eBook Academic Collection frá EBSCOhost á síðari hluta ársins,
- Ebrary Academic Complete frá ProQuest og Ebrary á síðari hluta ársins,
- tæplega 200 uppflettiritum í SpringerReference á ýmsum fræðasviðum.

## Heimsóknir

Ingolf Kaspar frá EBSCOhost var með kynningu og kennslu í Þjóðarbókhöfðu 24. okt.

Bjorn Olofsson frá ProQuest var með kynningu og kennslu 7. október í Þjóðarbókhöfðu.

Sölumenn frá EBSCOhost, Ebrary og ProQuest hittu starfsfólk Lbs-Hbs, stjórnarnefnd Landsaðgangs og þátttakendur í rýnihóp um rafbækur á fundum á árinu.

## 6.0 NOTKUN

Frá og með 2012 styðjast allir birgjar Landsaðgangs við COUNTER-staðalinn við notkunartalningu, ef frá er talið Morgunblaðið og Encyclopedia Britannica sem safnar notkunartölum samkvæmt staðlinum en hefur ekki sóst eftir vottun. Hjá útgefendum og samsöfnum eru taldar sóttar greinar í fullum texta eða sóttir bókarkaflar. Web of Science er tilvísanasafn, sem geymir upplýsingar um greinar og útdrætti úr þeim, en ekki fullan

texta greinanna, heldur vísar í hann. Notkun á tilvísanasafninu Web of Science er mæld í heimsóknnum (sessions) og leitum (queries).

**Tafla 1.** Tímaritasöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd.

Tímaritasöfn	2013	2012	Breytingar
Fjöldi sótttra greina í fullum texta			
Elsevier ScienceDirect	335.987	312.552	7,50%
Karger Online	3.895	2.958	31,67%
SAGE Premier	83.290	69.638	19,60%
SpringerLink	81.668	59.356	37,60%
Wiley (Blackwell-hluti)	165.462	116.570	41,94%
<b>Samtals</b>	<b>670.302</b>	<b>561.074</b>	<b>19,47%</b>

**Tafla 2.** Samsöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd.

Samsöfn	2013	2012	Breytingar
Fjöldi sótttra greina í fullum texta			
EBSCOhost Premier	108.665	104.854	3,63%
ProQuest Central	157.150	182.593	-13,93%
<b>Samtals</b>	<b>265.815</b>	<b>287.447</b>	<b>-7,53%</b>

**Tafla 3.** Gagnasöfn, fjöldi sótttra greina í fullri lengd.

Gagnasöfn	2013	2012	Breytingar
Fjöldi sótttra greina í fullum texta			
Encyclopedia Britannica	234.923	409.093	-42,57%
Oxford Art Online (Grove Art)*	1.396	2.637	-47,06%
Oxford Music Online (Grove Music)*	4.799	5.554	-13,60%
<b>Samtals</b>	<b>241.118</b>	<b>417.284</b>	<b>-42,22%</b>

\*Vantalin notkun 2012 hefur verið lagfærð

**Tafla 4.** Rafbækur, fjöldi sótttra bókakafla í fullri lengd.

Rafbækur	2013	2012	Breytingar
Fjöldi sótttra bókakafla			
SpringerLink	19.060	-	-

**Tafla 5.** Greinasafn Morgunblaðsins með 3ja ára birtingartöf, fjöldi sótttra greina.

Gagnasafn	2013	2012	Breytingar
Morgunblaðið	2.009.862	2.598.155	-22,65%

**Tafla 6.** Samanlagður fjöldi sótttra greina í fullum texta.

Samanlagður fjöldi sótttra greina	2013	2012	Breytingar
Öll tímarita- og gagnasöfn	3.187.097	3.863.960	-17,52%
Tímarita- og gagnasöfn að Morgunblaðinu undanskildu	1.177.235	1.265.805	-7,00%

**Tafla 7.** Tilvísanasafn, fjöldi heimsókna og fjöldi leita.

Tilvísanasafn	2013	2012	Breytingar
Web of Science (heimsóknir/sessions)	96.848	114.551	-15,46%
Web of Science (leitir/queries)	162.362	212.483	-23,59%

**Tafla 8.** Vefgáttin hvar.is.

Vefgáttin hvar.is	2013	2012	Breytingar
Notendur (users)	48.539	54.263	-10,55%
Heimsóknir (sessions)	83.797	88.101	-4,89%
Síðuflettingar (page impressions)	170.895	202.338	-15,54%

Umferð um hvar.is er mæld af Modernus með samræmdri vefmælingu. Reglur um samræmdar vefmælingar eru birtar á [www.modernus.is](http://www.modernus.is). Árið 2013 var uppsafnaður fjöldi notenda ríflega 10% færri en árið áður. (Notandi er mældur einu sinni í hverri viku eftir IP-tölu). Heimsóknum fækkaði um tæplega 5% á árinu. Síðuflettingum (hver einstök tenging notanda við vef) fækkaði um ríflega 15%. Vefur Landsaðgangs, hvar.is var í 109 sæti á árslista Modernus 2013. Notendur hafa sífellt fleiri leiðir til að finna efni í Landsaðgangi (sjá kafla 4.0) og því er eðlilegt að notkun á hvar.is hafi dalað.

## 7.0 YFIRLIT

Fjöldi sótttra greina í tímaritasöfnum jókst að meðaltali um 19% árið 2013. Hjá Elsevier – Science Direct var aukningin 7,5%, hjá Karger Onlinevar aukningin ríflega 31%, hjá SAGE Premier ríflega 19%, hjá Springer Link ríflega 37% og notkun í Blackwell-hluta

Wiley jókst um tæp 42%. Notkunartölur sem safnað er fyrir Landsaðgang innihalda ekki notkun greina í opnum aðgangi eftir gullnu leiðinni (Golden Open Access).

Heildarfjöldi sótttra greina í fullum texta í samsöfnum var að meðaltali ríflega 7% minni en á fyrra ári. Hjá EBSCOhost Premier varð 3,63% aukning á fjölda sótttra greina, en hjá ProQuest Central varð fækkun um tæplega 14%.

Notkun á Encyclopædia Britannica dróst saman um 42%. Notkun á Oxford söfnunum minnkaði á milli ára en við vinnslu á notkunartölum frá Oxford University Press kom í ljós að notkun árið 2012 var vantalin. Notkun 2013 á Oxford Art Online minnkaði um 47% og notkun á Oxford Music Online minnkaði um ríflega 13% en notkun er samkvæmt COUNTER staðli bæði árin.

Fjöldi sótttra greina í greinasafni Morgunblaðsins minnkaði um 22%. Um er að ræða sóttar greinar sem eru eldri en 3ja ára og sóttar af íslenskum IP-tölum öðrum en köngulóm (crawlers) leitarvéla.

Samanlagður fjöldi sótttra greina í tímarita-, sam- og gagnasöfnum að Morgunblaðinu meðtöldu dróst saman um ríflega 17%. Samanlögð notkun tímarita- og gagnasöfnum fyrir utan Morgunblaðið minnkaði um 7%.

Í fyrsta sinn var boðið upp á aðgang að rafbókum frá Springer Link en um er að ræða fimm rafbókasöfn á fjölbreyttum fræðasviðum. Notkun er talin eftir sóttum bókarköflum og voru sóttir 19.060 bókartitlar úr 1.402 rafbókartitlum.

Heimsóknnum í Web of Science fækkaði um ríflega 15% og leitum fækkaði um tæplega 24%.

Fjöldi notenda á vefgáttina hvar.is fækkaði um ríflega 10%, heimsóknnum fækkaði um tæplega 5% og síðuflettingum fækkaði um ríflega 15%.

Heildarnotkun áskrifta minnkaði á milli ára. Aukning varð hjá öllum útgefendum í tímaritahluta, notkun hjá EBSCOhost jókst en minnkaði hjá ProQuest fjórða árið í röð. Notkun hjá Encyclopædia Britannica minnkaði eftir aukningu undanfarin ár, en er engu að síður umtalsverð. Frá árinu 2007 hefur notkun á Oxford söfnunum árlega minnkað en leitarvélum hefur ekki verið veittur aðgangur að efninu.

Nánari upplýsingar um notkun er að finna á vef Landsaðgangs - hvar.is, á undirsíðunni *Um landsaðgang og velja svo Notkunartölur*.

Mars 2014,  
Birgir Björnsson  
umsjónarmaður Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.